

EFTIRLITSSKÝRSLA
Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði

Dags eftirlits	9.10.2012	Fulltrúi UST	Hákon Hansson
Fyrirtæki	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5812012650	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Ásgrimsson	ÍSAT nr.	15.20.72
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	735718,92 501484,078

Niðurstaða eftirlits

Þegar eftirlit fór fram hafði verksmiðjan unnið úr u.b.b. 35.000 tonnum af hráefni, aðallega loðnu, en einnig síld, makríl og kolmunna. Varðandi síld og makríl er fyrst og fremst um að ræða hrat frá frystihúsi fyrirtækisins, þ.e. hausar, slóg og úrkast, sem fær til bræðslu. Unnin voru 1.800 tonn af loðnuhrognum.

Allt löndunarvatn fer í hráefnistank, sest þar og set og flot er tekið í gegnum vinnslu, en vökví fer síðan í gegnum fitugildru.

Áform eru um að byggja eiturefnageymslu, teikningar liggja fyrir og eru áform um að hefja framkvæmdir á næstu mánuðum.

Allt athafnasvæði og umhverfi verksmiðjunnar er snyrtilegt öll umgengni bæði utan húss og innan er til fyrirmynadar. Hvergi var að sjá mengun eða óþrifnað sem rekja má til starfsemi verksmiðjunnar.

Grænu bókhaldi hefur verið skilað undanfarin ár, síðast í maí sl fyrir 2011

Þar koma fram upplýsingar um fitu, svifefni og COD í frárennsli frá hreinsibúnaði verksmiðjunnar á hverjum sólarhring sem vinnsla fer fram. Þar kemur einnig fram að útblásturshraði úr skorsteini er lágmarki 20 m/sek. sem er í samræmi við grein 3.5. í starfsleyfi.

Umfang eftirlits

Í upphafi eftirlits var fundað með verksmiðjustjóra.

Farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins og síðustu eftirlitsskýrslu. Ein kvörtun barst vegna fitubrákar á sjó og í fjörum, dags. 11. 9. Heilbrigðisfulltrúi fór þá á staðinn og ræddi við verksmiðjustjóra, mengun stafaði líklega frá hreinsun á tækjabúnaði.

TVN er mælt og skráð reglulega.

Miklar framkvæmdir eru í verksmiðjunni m.a. er verið að setja upp rafskautakatla.

Hreinsibúnaði verður breytt, og settur upp nýr skorsteinn. Afsogsloft frá tækjum verður hreinsað í þvottaturni (sjó) og efnaþvottaturni, loftinu úr verksmiðjunni verður dælt ómeðhöndludu upp í háloftin. Jafnframt er verið að auka afsogið af tækjum frá því sem áður var og fer að lokum út um nýjan 50 metra háan reykháf, þar sem áætlað er að hraði útblásturslofts verði yfir 20m/sek.

Gert er ráð fyrir því að breytingunum verði lokið í janúar 2013 og eftir það verði verksmiðjan nær eingöngu keyrð á rafmagni í stað olíu.

Eftir fundinn var gengið um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar í fylgd verksmiðjustjóra sem gerði grein fyrir þeim framkvæmdum sem getið er hér að framan.

Athugasemdir

Tvær athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

Skv. lið 4.2. í starfsleyfi liði b og c segir að mæla skuli fitu, svifeni og COD í frárennsli verksmiðjunnar árlega. Til eru mælingar frá 2011, en þær hafa ekki verið gerðar á þessu ári. Skipuleggja ætti mælingu á fitu, svifefnum og COD í frárennsli frá hreinsibúnaði verksmiðjunnar þannig að mælingar séu gerðar með reglulegu millibili. Auk þessa á að framkvæma rennslismælingar á sama tíma.

Viðbragðsáætlun skv. lið 4.3 í starfsleyfi er ekki tiltæk.

Annað

Frárennsli frá síldarverkun Loðnuvinnslunnar, sem staðsett er við Skólavög 2 er leitt um lögum frá síldarverkun í fitugildru loðnuvinnslunnar. Þetta frárennsli er ekki unnið og markmiðið er að hreinsa fitu úr affallsvatninu með því að leiða það í gegnum fitugildru fiskimjölsverksmiðjunnar. Svo virðist sem fitugildran ráði ekki við það magn sem fer í gegnum hana þegar vinnsla er í fullum gangi og þarf nauðsynlega að yfirlfara þetta mál.

Reykjavík, 30.11.2012

Hákon Hansson

Hákon Hansson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vort að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta